

7. desember 2017

Félagsvísar: Vaktavinna á Íslandi 2006–2016

Social indicators: Shift-work in Iceland 2006–2016

Samantekt

Vaktavinna er fremur algeng á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd en árið 2016 unnu 26,1% launþega á Íslandi í vaktavinnu, sem var níunda hæsta hlutfallið í Evrópu og 7,6 prósentustigum yfir meðaltali Evrópusambandsríkjanna. Hlutfall launþega í vaktavinnu hefur hækkað frá 2008 þegar það var 20,6%. Ekki var munur á körlum og konum árið 2016.

Vaktavinna var langalgengust í yngsta aldurshópnum en árið 2016 voru 55,8% launþega á aldrinum 16–24 ára í vaktavinnu. Því næst kom aldurshópurinn 25–34 ára með 25,6%. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á hópum á aldursbilinu 35–64 ára. Innan þeirra hópa var hlutfallið sem vann vaktavinnu á bilinu 17,7% til 18,5%. Hlutfallið var lægst á meðal fólks 65 ára og eldra. Þá hefur hlutfall launþega í vaktavinnu aukist mest í tveimur yngstu aldursbilunum frá árinu 2008, úr 37,4% á meðal fólks 16–24 ára og úr 18,7% á aldursbilinu 25–34 ára.

Launþegar með háskólamenntun voru ólíklegri til að vinna vaktavinnu en launþegar með minni menntun. Árið 2016 voru um 11% launþega 25 ára og eldri með háskólamenntun í vaktavinnu. Hlutfallið var hæst á meðal þeirra sem höfðu lokið framhalds- eða starfsnámi, eða 27,5%, og hafði þá hækkað umtalsvert frá 2008, úr 19,6%. Þeir launþegar sem aðeins höfðu lokið grunnnámi og unnu á vöktum voru 21,8%.

Inngangur

Launavinna gegnir mikilvægu hlutverki í lífi flestra og þá ekki einungis sem leið til að sjá fyrir sér og sínum. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði rúmlega 190 þúsund einstaklingar á aldrinum 16 til 74 ára starfandi á Íslandi árið 2016. Þar af voru rúmlega 101 þúsund karlar og 89 þúsund konur. Það jafngildir því að tæp 79% fólks á ofangreindum aldri hafi verið í launuðu starfi eða tæp 83% karla og tæp 75% kvenna. Meðalfjöldi vikulegra vinnustunda var 43,9 klukkustundir hjá körlum en 35,7 klukkustundir hjá konum þar sem fleiri konur vinna hlutastörf. Engu að síður voru tæp 65% starfandi kvenna að jafnaði í fullu starfi árið 2016. Stærstur hluti fólks ver þannig stórum hluta vöktunda sinna við vinnu. Af því leiðir að ýmsir þættir aðrir en launin skipta máli varðandi lífsgæði fólks.

Eitt af því sem skiptir máli varðandi gæði starfa er samþætting vinnu og heimilislífs. Álag og árekstrar á vinnustað geta smitast yfir í einkalífið og komið niður á bæði heimilis- og félagslífi fólks. Langur vinnutími getur að sama skapi þengt að öðrum þáttum hversdagslífsins. Vinnutími þarf þó ekki að vera langur til að hafa áhrif á heimilis- og félagslíf heldur skiptir einnig máli hvenær fólk er við vinnu.



Viðfangsefni þessa heftis er vaktavinna. Vaktavinna er þess eðlis að það er breytilegt frá einum tíma til annars hvaða daga fólk er við vinnu og á hvaða tímum sólarhringsins. Þannig er ekki óalgengt að fólk í vaktavinnu þurfi að vinna um kvöld og um helgar eða jafnvel á nóttinni. Slíkt vinnufyrirkomulag getur haft áhrif á bæði heimilis- og félagslíf.¹ Þegar til dæmis einstaklingur í hjúskap og með börn vinnur á kvöld- og helgarvöktum þá dregur úr möguleikum viðkomandi til samveru með fjölskyldu sinni. Á sama tíma eykst álag á makann sem þarf að bera þungann af heimilishaldi og umönnun barna þegar vaktir liggja utan hefðbundins vinnutíma. Félagslíf á sér oftast en ekki stað utan hefðbundins vinnutíma en vaktir á slíkum tíma draga úr möguleikum vaktastarfsfólks að taka þátt í því. Þá eru vísbendingar um að vaktavinna hafi neikvæð áhrif á heilsu og líðan vaktavinnufólks og þá sérstaklega ef næturvaktir eru hluti af vaktaplaninu.²


Niðurstöður

Árið 2016 voru 26,1% launþega á Íslandi í vaktavinnu en hlutfallið hafði þá hækkað um 7,6 prósentustig frá 2008

Árið 2016 var hlutfall launþega sem vann á vöktum 26,1% hjá bæði konum og körlum og hafði hækkað frá 2008 þegar það mældist 19,7% hjá körlum en 21,5% hjá konum. Rétt er að taka fram að munurinn á körlum og konum er ekki tölfræðilega marktækur fyrir árið 2008. Hinsvegar hafði dregið saman með kynjunum frá 2006 þegar hlutfallið var 23,3% hjá konum og 19,8% hjá körlum, en sá munur er tölfræðilega marktækur.

Mynd 1. Launþegar í vaktavinnu eftir kyni, 16–74 ára

Figure 1. Employees in shift-work by sex, 16–74 years old



Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Hlutfall launþega í vaktavinnu á Íslandi var það níunda hæsta í Evrópu árið 2016


Í samanburði við önnur Evrópulönd var Ísland með níunda hæsta hlutfall launþega í vaktavinnu árið 2016. Lúxemborg, Finnland og Noregur voru á svipuðu róli en þó með ívið lægra hlutfall. Þau lönd sem höfðu herra hlutfall fólks í vaktavinnu en Ísland eru meðal þeirra Evrópuríkja sem búa við minni hagsæld og má því segja að Ísland skeri sig úr sé horft til vægis vaktavinnu í Evrópu.

¹ Fagan, C., Lyolette, C., Smith, M. & Saldana-Tejeda, A. (2012). *The Influence of Working Time Arrangements on Work-Life Integration or 'Balance': A Review of the International Evidence*. Conditions of Work and Employment, Series No. 34. Geneva: International Labour Organization.

² Kecklund, G. og Axelsson, J. (2016). *Health Consequences of Shift Work and Insufficient Sleep*. *The BMJ*, 355.

Mynd 2. Launþegar í Evrópuríkjum í vaktavinnu árið 2016


Figure 2. Employees in European countries in shift-work in 2016



Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Mynd 3. Launþegar í vaktavinnu eftir aldri

Figure 3. Employees in shift-work by age




Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Vaktavinna er algengari á meðal yngra fólks en þeirra sem eru 35 ára og eldri

Tíðni vaktavinnu var hæst hjá ungu fólki en árið 2016 voru 55,8% launþega á aldrinum 16–24 ára í vaktavinnu og 25,6% launþega á aldrinum 25–34 ára. Vægi vaktavinnu hafði einkum aukist hjá tveimur yngstu aldurshópunum, úr 37,4% hjá 16–24 ára og 18,7% hjá 25–34 ára árið 2008. Árið 2016 var hinsvegar hverfandi munur á aldurshópunum 35–44 ára, 45–54 ára og 55–64 ára en hlutfalli vaktavinnu var lægst meðal launþega 65–74 ára.

Mynd 4. Launþegar í vaktavinnu eftir kyni og aldri 2016

Figure 4. Employees in shift-work by sex and age 2016




Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggir á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Enda þótt ekki hafi reynst tölfræðilega marktækur munur á milli karla og kvenna sem vinna á vöktum á neinu aldursbili er mismunurinn nokkuð stöðugur yfir tímabilið hjá aldurshópnum 16–24 ára, eins og má sjá á mynd 5. Það rennir stoðum undir að vaktavinna sé algengari á meðal ungra kvenna en karla.

Mynd 5. Launþegar í vaktavinnu eftir kyni, 16–24 ára


Figure 5. Employees in shift-work by sex, 16–24 years old



Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Mynd 6. Launþegar í vaktavinnu eftir menntun, 25–74 ára

Figure 6. Employees in shift-work education, 25–74 years old




Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Vægi vaktavinnu var minnst hjá fólki með háskólapróf en mest hjá þeim sem höfðu lokið framhalds- eða starfsnámi

Launþegar sem höfðu lokið framhalds- eða starfsnámi voru líklegastir til að hafa unnið á vöktum árið 2016, það er 27,5% (mynd 6). Þá hafði tíðni vaktavinnu hækkað mest í þessum hópi frá 2008 samanborið við aðra menntunarhópa, eða um tæp 8 prósentustig. Aftur á móti var hlutfallið í vaktavinnu lægst á meðal háskólamenntaðra árið 2016, eða 11,1%. Hlutfallið á meðal þeirra sem aðeins höfðu lokið grunnnámi var 21,8%.

Mynd 7. Launþegar í vaktavinnu 2016 eftir menntun og kyni, 25–74 ára


Figure 7. Employees in shift-work 2016 by education and sex, 25–74 years old



Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Mynd 8. Launþegar í vaktavinnu eftir menntun og kyni, 25–74 ára

Figure 8. Employees in shift-work by education and sex, 25–74 years old



Skýringar Notes: Tölurnar sem myndin byggist á og 95% öryggisbil má finna í töflum á vef Hagstofu Íslands. Data including 95% confidence intervals can be found in tables on Statistics Iceland's web.

Eins og mynd 7 sýnir unnu umtalsvert fleiri karlar en konur með grunnmenntun á vöktum árið 2016, eða 24,6% samanborið við 18,7%. Þá voru fleiri konur en karlar með háskólamenntun í vaktavinnu, eða 12,4% samanborið við 9,1%. Munurinn á körlum og konum með framhalds- og starfsmenntun var hinsvegar hverfandi. Það er rétt að taka fram að munurinn á milli kynjanna reyndist ekki tölfræðilega marktækur árið 2016 á neinu menntunarstigi. Aftur á móti var hlutfall karla í vaktavinnu sem aðeins höfðu lokið grunnnámi herra en kvenna með sömu menntun öll þau ár sem hér eru til skoðunar (sjá mynd 8). Hið gagnstæða á við um háskólamenntun, en konur með háskólamenntun voru líklegri en karlar með slíka menntun til að vinna á vöktum.

Um félagsvísa

Í júní árið 2012 var gerður samningur milli velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands sem felur í sér að Hagstofan annast uppfærslu og birtingu félagsvísa. Félagsvísar eru safn tölulegra upplýsinga um velferð, efnahag, heilsufar og félagslegar aðstæður íbúa í landinu. Vísarnir draga upp mynd af þróun samfélagsins og lífsgæðum landsmanna og auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þjóðfélagsþróun og samfélagsbreytingum.

Um rannsóknina

Stærð úrtaks og svarhlutfall

Vinumarkaðsrannsóknin er hluti af vinnumarkaðsrannsókn ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og byggir á alþjóðlegum stöðlum og skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við vinnumarkaðsrannsóknir í öðrum EES-ríkjum og víðar. Hagstofan hefur framkvæmt samfellda vinnumarkaðsrannsókn sem gefur niðurstöður fyrir hvern ársfjórðung frá ársbyrjun 2003 en á tímabilinu 1991–2002 var rannsóknin framkvæmd tvisvar á ári, í apríl og nóvember ár hvert.

Í úrtökuramma rannsóknarinnar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eru með lögheimili á Íslandi. Heildarúrtak ársins 2016 var 15.783 manns. Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir

erlendis reyndist nettóurtakið 15.319 einstaklingar. Nothæf svör fengust frá 11.220 einstaklingum sem jafngildir 73,2% endanlegri svörum. Allar niðurstöður hafa verið vegnar eftir kyni og aldri.

Skýringar og hugtök

1. *Vaktavinna* Vaktavinna er vinnufyrirkomulag þar sem starfsfólk leysir hvert annað af hólmi á tiltekinni starfsstöð samkvæmt fyrirframgefnu skipulagi sem leiðir til þess að fólk vinnur á ólíkum tímum dags á mismunandi vikudögum eða tímabilum. Vaktavinna getur falið í sér kvöld-, nætur- og helgarvinnu.
2. *Launþegar* Launþegar eru starfsfólk með fastan eða tímabundinn ráðningarsamning hvort heldur sem er í opinbera geiranum eða á almennum vinnumarkaði. Ráðningarsambandið felur í sér skilgreinda greiðslu gegn skilgreindu vinnuframlagi fyrir tiltekið tímabil.
3. *Menntun* Menntun þátttakenda í vinnumarkaðsrannsókninni endurspeglar hæstu menntun sem þau hafa lokið og er kóðuð eftir menntaflokkunarstaðlingum ÍSMENNT2011 sem byggir á alþjóðlega menntaflokkunarstaðlinum ISCED2011. Menntun skiptist í eftirfarandi flokka samkvæmt minnstri sundurliðun:

ÍSMENNT 0 – Ekki lokið barnaskóla
 ÍSMENNT 1 – Barnaskólamenntun
 ÍSMENNT 2 – Grunnmenntun
 ÍSMENNT 3 – Framhaldsskólamenntun
 ÍSMENNT 4 – Viðbótarstig
 ÍSMENNT 5 – Háskólamenntun, stutt nám
 ÍSMENNT 6 – Háskólamenntun, bakkalágráða
 ÍSMENNT 7 – Háskólamenntun, meistaraágráða
 ÍSMENNT 8 – Doktorsmenntun

Í þeim greiningum sem eru birtar hér fellum við saman flokka til að einfalda greininguna þannig að ISCED 0–2 flokkast sem grunnnám, ISCED 3–4 sem framhalds- og starfsnám og ISCED 5–8 sem háskólanám.

Nánari upplýsingar um ÍSMENNT2011 má finna hér:

<https://hagstofa.is/media/50388/ismennt2011.pdf>

4. *Öryggisbil* Vinnumarkaðsrannsóknin er úrtaksrannsókn og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Í tilfelli Vinnumarkaðsrannsóknarinnar nær öryggisbilið alltaf jafnlangt upp fyrir og niður fyrir reiknað gildi og er lagt við töluna og dregið frá henni. Til dæmis, ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8% og efri vikmörk 11,2%. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil talnanna skarist.

English summary

Shift-work is rather common in Iceland relative to other European countries. In 2016, 26.1% of employees in Iceland worked shifts, which is the ninth highest proportion in Europe and 7.6 percentage points above the EU average. The proportion of shift-workers has increased since 2008 when it stood at 20.6%. The proportion of shift-workers did not differ between men and women in 2016.

Shift-work is most prevalent among young people. In 2016, 55.8% of employees 15–24 years old worked shifts and 25.6% of employees 25–34 year old. The age groups between 35 and 64 years are statistically tied around 18%. The oldest age group, 65 years and above, had the lowest proportion of people working shifts. The prevalence of shift-work has increased most among the two youngest age groups, from 37.4% among 16–24 year olds and 18.7% among 25–34 year olds.

Employees with university degrees were least likely to work shifts. In 2016, 11% of employees 25 years and older holding university degrees were shift-workers. The prevalence of shift-work was highest among employees who had completed secondary education, 27.5%, which was also the education group that had seen the largest increase in shift-work from 2008, from 19.6%. Of employees with primary education only 21.8% worked shifts.

Talnaefni

[Vinnumarkaðsrannsókn — árstölur: Launþegar í vaktavinnu 2006–2016](http://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinumarkadur/)

www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinumarkadur/

Statistics

[Labour force survey — annual figures: Shift-work 2006–2016](http://www.statice.is/statistics/society/labour-market/labour-market/)

www.statice.is/statistics/society/labour-market/labour-market/

Hagtiðindi Vinnumarkaður Statistical Series *Labour market*

102. árg. • 24. tbl.

ISSN 1670-4770

7. desember 2017

Umsjón *Supervision* Kolbeinn Stefánsson • kolbeinn.stefansson@hagstofa.is

Ólafur Már Sigurðsson • Olafur.Sigurdsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.